

Æskulýðsnefnd ársskýrsla 2011 – 2012



Þátttakendur á FEIF Youth Cup 2012, talið frá vinstri; Súsanna Katarína Guðmundsdóttir, Harpa Sigríður Bjarnadóttir, Þóra Höskuldsdóttir, Katrín Birna Vignisdóttir, Nína María Hauksdóttir, Snorri Egholm Þórsson, Dóróthea Ármann, Ágústa Baldvinsdóttir, Glódís Helgadóttir, Þórunn Þöll Einarsdóttir og Andrea M. Þorvaldsdóttir fararstjóri.

Nefndin hélt nokkra fundi á síðasta starfsári og einnig var tölvupóstur mikið notaður til samskipta. Aðalverkefni nefndarinnar á árinu var val umsækjenda á FEIF Youth Cup og val handahafa æskulýðsbikars LH. Einnig skipulagði nefndin hestaferð fyrir unglinga í samstarfi við FEIF en fallið var frá henni sökum dræmrar þátttöku. Nefndin var að mestu skipuð sama fólki og undanfarin ár en nú á haustdögum fækkaði um einn nefndarmann þegar Sigríður Birgisdóttir ákvað að snúa sér að öðrum verkefnum. Þökkum við henni frábært samstarf á liðnum árum. Unnið er að því að finna áhugasaman aðila í hennar stað. Aðrir nefndarmenn eru Andrea Þorvaldsdóttir, Helga B. Helgadóttir, Sóley Margeirsdóttir og Þorvarður Helgason. Hér verður greint frá helstu verkefnum nefndarinnar síðastliðið starfsár.

FEIF ráðstefna

Fyrstu helgina í mars var haldin árlega ráðstefna FEIF í Malmö í Svíþjóð og situr Helga B. Helgadóttir í æskulýðsnefnd FEIF og sat fyrir Íslands hönd á æskulýðsfundi ráðstefnunnar. Þar var farið yfir æskulýðsmál aðildarríkja FEIF, svo sem Youth Cup og Youth Camp sem haldin eru annað hvert ár og eru alltaf viðamikil verkefni. Æskulýðsfulltrúar segja frá starfseminni í sínum löndum og leita upplýsinga hvert hjá öðru varðandi æskulýðsmál. Skipulögð hestaferð var í boði til Svíþjóðar í sumar, Cup var haldin í Þýskalandi og íslenska litabókin er fastur liður á dagskrá æskulýðsnefndar.

Youth Cup í Verden

FEIF Youth Cup var að þessu sinni haldið í Verden í Þýskalandi sem er ekki langt frá Hamborg. Bærinn á sér gamla sögu tengda hestum aftur í aldir og þar er merkilegt hestasafn sem geymir sögu hestsins frá örófi alda ásamt sýnishornum af reiðtygjum fyrri ára. Allur aðbúnaður hesta og knapa var til fyrirmyndar og eiga skipuleggjendur mótsins hrós fyrir frábært mót. Auglýst var eftir umsóknnum héraendis fyrir FYCup á vormánuðum og sóttu 18 unglingar um að komast í þau átta sæti sem Ísland á rétt til á mótinu. Ekki nýta öll aðildarlönd FEIF þátttökurétt sinn og fengum við því tvö aukasæti og gátum því sent tíu þátttakendur. Það var afar efnilegur hópur sem lagðist í ferðalag að kvöldi 5.júlí og var kominn á leiðarenda 14 klst síðar, eftir næturflug og margar lestarskiptingar. Þegar á mótstað var komið þurfti að taka á móti keppnishestunum og kynnst þeim aðeins. Það voru því þreyttir unglingar sem lögðust á koddana það kvöldið. Eftir 3ja daga æfingarprógramm og einn frjálsan dag sem nýttur var til sunds og klífurs hófst keppnin sjálf og stóð hún í 3 daga. Okkar fulltrúar hafa staðið sig afar vel á þessum mótum og engin breyting á því nú. Úrslit okkar knapa urðu þau að Súsanna Katarína Guðmundsdóttir fékk gullverðlaun í trail eða þrautabraut, Katrín Birna Vignisdóttir hlaut gullverðlaun í P2 og Snorri Egholm Þórsson fékk silfurverðlaun í T7. Hann fékk sömu einkunn og annar knapi en hafnaði í öðru sæti eftir sætaröðun dómara. Snorri fékk hins vegar þau eftirsóttu verðlaun FEIF Fechter prize 2012 sem veitt er þeim knapa sem þykir sýna hvað besta reiðmennsku og þróðmennsku. Þetta er í annað skiptið á fjórum árum sem íslenskur knapi fær þessi verðlaun á FY Cup. Krakkanir voru flest í A og B úrslitum í flestum þeim greinum sem þau kepptu í, sem er frábær árangur því þau höfðu einungis haft kynni af hestunum í þrjá til fjóra daga þegar kom að forkeppni. Nánar má sjá úrslit á mótinu á heimasíðu FEIF.

Hestaferð sem ekki varð

Áhugi hefur verið á því undanfarin ár innan æskulýðsnefndar FEIF að skipuleggja hestaferð fyrir unglinga hér á landi. Ákveðið var í ársbyrjun að skipuleggja slíka ferð og tók æskulýðsnefnd LH að sér að skipulagningu í samstarfi við hestaferðafyrirtæki sem hefur margra ára reynslu af slíkum ferðum. Fara átti í vikuferð upp Þjórsárþakka og inná afrétti Skeiða- og Gnúpverja og sömu leið til baka. Einum unglingi frá hverju aðildarlandi FEIF var gefin kostur á að sækja um, þó með þeim takmörkunum að hópurinn yrði ekki stærri en 20 með fararstjórum. Því miður náðist ekki næg þátttaka að þessu sinni og var talið að betra hefði verið að gefa tveim unglingum frá hverju landi kost á að koma en nefndin hefur áhuga á því að bjóða uppá slíka ferð síðar.

Fésbókarsíða

Á árinu var stofnuð fésbókarsíða Æskulýðsnefndar LH og mun þar verða komið fréttum af þeim viðburðum sem nefndin starfar að. Þegar hefur ferðasaga sumarsins af Youth Cup verið sett inn ásamt ljósmyndum og munu fleiri ljósmyndir og ferðasögur verða settar þar inn í vetur, ásamt öðrum fróðleik.

Æskulýðsbikar LH

Árlega skila hestamannafélögin skýrslum til Æskulýðsnefndar LH þar sem ársstarfinu er gerð skil. Á þessum skýrslum er unnið úr þegar handhafi Æskulýðsbikars LH er valinn, en hann er veittur félagi sem skara hefur þótt framúr í starfi síðastliðins árs. Bikarinn hefur verið afhentur sextán sinnum og hafa þrettán félög hlotið þann heiður, þrjú hafa hlotið hann tvisvar.

Það er afar fróðleg og skemmtileg lesning að lesa þessar skýrslur og gaman að sjá hversu öflug sum félögin eru í starfi æskunnar. Það er ekki á neinn hallað þegar sagt er að þetta starf er eitt það þýðingarmesta í félögunum því við höfum séð það í gegnum árin að öflugt æskulýsstarf skilar sér í öflugari hestamönnum hvort heldur sem er keppnisfólki eða þeim sem ríða út sér til ánægju.

Skýrslur liðinna ára er að finna á heimasíðu LH undir æskulýðsmál. Þar má sjá það fjölbreytta starf sem á sér stað í félögunum á landinu

Á formannafundi LH sem haldinn var í Reykjavík síðastliðið haust hlaut hmf Hörður bikarinn fyrir starfsárið 2011 en handhafi bikarsins fyrir starfsárið 2012 verður tilkynntur á landsþingi LH í Reykjavík 19. – 20. október.

Hér má sjá hvaða félög hafa hlotið þennan eftirsóttu bikar.

1996 Léttir
1997 Gustur
1998 Sörli
1999 Hörður
2000 Freyfaxi
2001 Máni
2002 Smári
2003 Fákur
2004 Blær
2005 Andvari
2006 Léttir
2007 Máni
2008 Þytur
2009 Dreyri
2010 Logi
2011 Hörður
2012

Framundan

Á næsta ári verður FEIF Youth Camp haldið í Noregi og mun auglýsing um viðburðinn verða sendur til allra félaga þegar fer að vora. Nefndin mun svo velja þátttakendur frá Íslandi úr hópi umsækjenda. Á árinu 2014 er svo stefnan að halda FEIF Youth Cup á Íslandi og eru nokkrir staðir sem koma til greina, en helst horfum við til Hóla í Hjaltadal. Viðræður eru hafnar við staðarhaldara og mikill áhuga innan FEIF að það geti orðið að veruleika. Á Hólum er einhver besta aðstaða á landinu til að hýsa gesti, keppendur og hesta.

Ekki er hægt að skilja svo við nema nefna óskaverkefni nefndarinnar, ráðstefnu æskulýðsmála. Von okkar er að hægt verði að halda hana með einhverju sniði á árinu 2013.

Við erum einnig alltaf opin fyrir öllum þeim verkefnum sem styrkja og styðja æskulýðsmálefni og hvetum alla sem óska eftir samvinnu eða hafa verkefni fyrir okkur að hafa samband og minnum á að verkefni nefndarinnar er að vera æskulýðsfulltrúum innan handar í þeirra starfi.

f.h. Æskulýðsnefndar LH
Helga B. Helgadóttir formaður